



Lionsþingið 2023 verður haldið á Akureyri 19. og 20. maí

68. þing Lionshreyfingarinnar verður haldið á Akureyri dagana 19. – 20. maí.

Fimmtudagurinn 18. maí er uppstigningardagur og frídagur sem gefur fólki lengra að komið færi á að gera langa helgi og enda þannig starfsárið.

Hefðbundna dagskrá má finna á www.lions.is: [Dagskrá | Lions á Íslandi](#)

Á dagskrá eru allir hefðbundnir liðir en sérstaklega er bent á skrúðgönguna, kynningarkvöldið sem opið er fyrir allt Lionsfólk og gesti þeirra, „makaferð“ um Akureyri og Eyjafjörð með leiðsögn og Lionshátíð í Íþróttahöllinni á laugardagskvöldinu sem einnig er opið.



Allt Lionsfólk er hvatt til að mæta hvort sem viðkomandi er þingfulltrúi eða „óbreyttur“ og halda upp á vel heppnað starfsár án Covid-19.

Skólar fyrir embætti formanna, ritara, gjaldkera og svæðisstjóra verða í Brekkuskóla eins og setning þingsins og fjöl- og umdæmisþingin.

Skrúðgangan verður frá anddyri Íþróttahallarinnar og safnast verður saman kl. 15:00. Skrúðgangan heldur af stað kl. 15:15 og gengið verður út á Hrafnagilsstrætið niður að Möðruvallastræti og norður eftir því og upp Skólastíg og niður tröppurnar fyrir framan Brekkuskóla en þar fer fram setning fjöllumdæmisþingsins og umdæmisþinganna.



Að setningarathöfn lokinni hefjast umdæmisþingin 109A og 109B í Brekkuskóla.





Lionsþingið 2023 verður haldið á Akureyri 19. og 20. maí

Kynningarkvöldið verður í Íþróttahöllinni (gengið inn að sunnan) í Kaffiteríunni. Boðið verður upp á léttar veitingar og tónlist sem Valmar Völjaots sér um.

Á laugardeginum fer fjöllumdæmisþingið fram í Brekkuskóla og í hádeginu verður boðið upp á hádegisverð.

Kl. 13:³⁰ leggur rúta af stað frá Brekkuskóla í „makaferð“! Ekið verður um Akureyri – kynning á bænum, ekið í Jólagarðinn og eftir smá stopp verður ekið inn í Holt sel þar sem búið verður kynnt og hægt verður að kaupa sér ís frá staðnum. Að því búnu verður ekið inn í Brúnir þar sem boðið verður upp á hressingu og færi gefst á að fara á hestbak. Komið til baka um kl. 16:30

Lionshátíðin verður kl. 19⁰⁰ í Íþróttahöllinni.

Í forrétt: *Léttsaltaður og marineraður þorskur í kryddjurtum og hvítlauk með jarðsveppa mæjó og salati. Sesam ristaður túnfiskur tataki m. lárperumauki, vorlauk og teriyaki sósu.* Í aðalrétt: *Grillaður lamba-hryggvöðvi marineraður í rósmarín og hvítlauk, steinseljurótarmauk, brasseraðar gulrætur, sveppir, smælki kartöflur, soðsósa.*

Í eftirrétt: *Sítrónu Tart með ítölskum marengs, kirsuberjum og kirsuberjasósu.*



Lionsfólk er hvatt til að skrá sig sem fyrst á þingið [Skráning | Lions á Íslandi](#) og tryggja sér gistingu sem allra fyrst því það er að fækka þeim herbergjum sem tekin voru frá á Hótel KEA og Hótel Kjarnalundi. Svo eru fjölmargir aðrir gistinguöguleikar á Akureyri og nágrenni.

Skráningargjaldið er einungir kr. 5.000,- og annar kostnaður kemur fram við skráningu. Sett hefur verið upphæð í pott á vegum fjöllumdæmisins hvar hægt er að sækja um ferðastyrk til þingsins fyrir þá sem um langan veg þurfa að fara. Nánar um það í síðasta Lionsblaði.

Skila þarf inn kjörbréfum sem finna má á www.lions.is [Kjörbréf | Lions á Íslandi](#) fyrir 12. maí en það er ekki eftir neinu að bíða og auðveldast að ganga frá því um leið og skráning er gerð.

F. h. Þingnefndar,

Árni V. Friðriksson

PCC MD 109



Cell: +354 862 6404



E-mail: avf@simnet.is